

Nazareth. 1) Honum varð mikil ágengt, að því er séð verður. Frásagnirnar um starf hans og kennningar eru fullar af kynjasögnum, eins og allar frásagnir þeirra tíma. Það sem Jesúsi lagði aðaláherzluna á, var kærleikurinn til guðs og manna og sannfæringin um það, að öllum mönnum bæri að skoða guð sem einn föður. Þetta voru nýjungar, sem ekki stóðu heima við hina dauðu bókstafstrá Gyðingaþjóðarinnar. Og svø, þegar þessi nýjungamaðar fór að hallmæla þeim, er varðveittu feðratrúna, og fór að bregða þeim um hræsni, þá eðlilega fékk hann þá alla upp á móti sér. Eftir eins árs starf var hann svo tekinm og lífsláttinn. Sú sakargift var ranglega á hann borinn, að hann hefði reynt að hrifsa undir sig veraldlega valdið, og það var nægilegt að sakfella hann í asgum rómversku stjórnarinnar í landinu, sem ekki skifti sér hið minsta af trúarbrögðum Gyðingaþjóðarinnar. En þó að þessi eini maður væri lífsláttinn, þá lífðu samt fylgjendar hans eftir. Þeir, sem höfðu daglega hlýtt á hann, stofnuðu nú félagsskap með sér, sem hefir hlotið að hafa mjög óákvæðnar trúarskoðanir, því enn þá héldu þeir allir fast við hina eiginlegu Gyðingatrú. En bráðum kom maðurinn til sögunnar, sem varð hinn annar höfundur kristindómsins, Páll frá Tarsus. Hefði hann ekki með sínum dæmafáa dugnaði útbreitt hina nýjn hreyfingu á meðal fólks með grískri mentun, þá hefði hreyfingin, sem byrjaði með Jesú, að öllum líkendum dáið út austur á Gyðingalandi án nekkurrar verulegrar útbreiðslu. En Páls kristindómur var ekki að öllu leyti hinn sami og sú trú, sem Jesús hefði kent. Páll var lærdur guðfræðingur, og hans hugmyndir voru eðlilega frábreyttar hugmyndum trésmiðsins frá Nazareth, sem ekkert kærði sig um guðfræði, heldur að eins um trú, sem hefði áhrif til góðs á alt líf manna. Eftir þessa byrjun sjáum vér baráttu hinna nýju trúarbragða fyrir tilveru sinni gegn ofsóknum og óvináttu þeirra, sem héldu fast við hin eldri trúarbrögð, þangað til að pólitískur bragðarefur, Constantinus keisari, gerir kristnu trúna að lögmætri trú, og veitir henni jafnrétti við hin eldri trúarbrögð; ekki af neinum

1) Jesús var ekki fæddur í Bethlehem samkvæmt skoðun flestra hinna betri haðri kritikar manna.